

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 14. ágúst 2009

Stýrivextir óbreyttir

Peningastefnunefnd ákvað á síðasta vaxtaákvörðunarfundi að halda stýrivöxtum Seðlabankans óbreyttum og verða þeir því áfram 12% að sinni. Ákvörðun nefndarinnar kemur ekki óvart enda hefur gengi krónunnar sigið talsvert upp á síðkastið og er raunar svo lágt að það hefur hægt á hjöðnun verðbólgunnar. Þá eru rök nefndarinnar einnig þau að frekari slökun peningastefnu gæti mögulega sett áform um afnám gjaldeyrishafta í uppnám en áætlað er að hefja fyrsta áfanga afnáms gjaldeyrishafta eigi síðar en í nóvember.

Nefndin tekur raunar nokkuð sterkt til orða í yfirlýsingu sinni en þar segir meðal annars að ekkert verði gert sem gæti skapað efasemdir um staðfastan ásetning hennar að stuðla að stöðugleika krónunnar og lítillar verðbólgu. Í þessu sambandi útilokar nefndin ekki að vextir kunni að verða hækkaðir í náinni framtíð ef aðstæður í efnahagslífinu kalla á slíkt.

Viðskiptaráð Íslands fagnar því að Seðlabankinn skuli beita sér fyrir afnámi gjaldeyrishafta enda er afnám slíkra hafta ein af grunnforsendum þess að hér á landi geti þrífist kröftugt og trúverðugt atvinnulíf. En þó skal það ítrekað enn og aftur að vextir hér á landi eru óþægilega háir, einkum fyrir smærri fyrirtæki og heimili, sem þurfa fyrst og fremst að reiða sig á innlenda fjármögnun. Vonir ráðsins standa því til þess að vextir verði ekki hækkaðir við þær viðkvæmu aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Fram, fram, fylking

Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi grein í Viðskiptablaðið í vikunni:

Á leikskólum er gjarnan sameinast í söng, leik og skemmtun af ýmsum toga. Einn af leikskólaleikjunum kallast Fram, fram, fylking en nákvæmt fyrirkomulag hans verður ekki tíundað í þessari grein. Í leiknum er kyrjað lag með svohljóðandi texta: Fram, fram, fylking, forðum okkur háska frá því ræningjar oss vilja ráðast á. Sýnum nú hug, djörfung og dug. Vakið, vakið vaskir menn því voða ber að höndum. Sá okkar er síðast fer mun sveipast hörðum höndum.

Texti lagsins á að mörgu leyti samhljóm við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Sitt sýnist hverjum um hver beri ábyrgð á þeim háska sem þjóðin er stödd í, en hvert sem rétt svar við þeirri spurningu kann að vera er víst að vandi blasir við þjóðinni. Á tímum sem þessum standa ýmsir á

krossgötum vegna gjörbreyttra aðstæðna og velta upp þeim möguleikum sem fyrir hendi eru. Þar sem bölsýni, efnahagslegar þrengingar og samfélagsleg sundrung hafa verið ríkjandi í drjúgan tíma er hætt við að mörgum hrjósi hugur yfir framtíðinni og telji sér jafnvel betur borgið annars staðar. Þetta ættu stjórnámálamenn að hafa í huga en vilji fólks og fjármagns til að dvelja áfram hérlendis skipta mestu um framtíðarhorfur Íslands. Varanlegur fólks- og fjármagnsflótti getur reynst öllum hagkerfum ofviða.

Sókn er besta vörnin segir máltakið og út frá þeirri hugmyndafræði er skynsamlegast að vinna. Það þarf að leysa ýmis veigamikil mál til að hægt sé að hefja enduruppbyggingu fyrir alvöru en raunveruleikinn sem blasir við Íslendingum er ekki kolsvartur. Hér má byggja á fjölmörgum styrkleikum, s.s. öflugum innviðum, vel menntuðum og heilbrigðum mannauð, miklum náttúruauðlindum, lágri glæpatíðni, vel fjármögnum lifeyrissjóðakerfi með miklum erlendum eignum. Þrátt fyrir að lífskjör hafi versnað má hæglega snúa þeirri þróun við, verði gengið vasklega til verks.

Þeir sem kjósa að flytja af landi brott hafa fyrir því margvíslegar ástæður. Í ýmsum tilfellum á fólk engra kosta vöð, en í flestum tilfellum má einfaldlega rekja slíkar ákvarðanir til óvissuástands hérlendis. Flestir kjósa að hafa vaðið fyrir neðan sig og leita því eðlilega á mið frekari vissu og stöðugleika ef mögulegt er. Því er hætt við að þessi þróun muni einungis ágerast þar til ráðamenn hafa birt heimilum og fyrirtækjum skýrari og umfangsmeiri áætlanir um framtíðina en þegar hefur verið gert. Öllum er ljóst að færa þarf fórnir, en hverjar þær verða og hver uppskera þeirra verður síðar meir hafa stjórnvöld ekki greint frá með nægjanlega skýrum hætti. Hugnist Íslendingum þau svör sem gefin verða og feli þau í sér eftirsóknarverð markmið munu landsmenn sitja sem fastast og takast á við vandann.

Bankaábyrgðir

Viðskiptaráð Íslands vinnur nú að því að greiða úr þeim vanda sem íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir varðandi bankaábyrgðir hjá íslenskum bönkum. Nokkuð hefur borið á því að erlendir aðilar taki slíkar ábyrgðir ekki gildar og ljóst að þetta kann að skapa umtalsverð vandræði í rekstri innlendra fyrirtækja sem stunda milliríkjaviðskipti af einhverju tagi.

Viðskiptaráð kallar því eftir upplýsingum er varða þessi atriði frá félögum sínum. Allar upplýsingar um þetta vandamál og mögulegar úrlausnir eru vel þegnar og biðjum við félaga okkar um að koma þeim til okkar með því að senda póst á dsd@vi.is eða vi@vi.is. Í framhaldinu mun Viðskiptaráð síðan vinna markvisst að úrlausn vandans á grundvelli þeirra upplýsinga og ábendinga sem berast frá félögum.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel

gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Íslensk fyrirtæki sækja fram á erlendum vettvangi** en Enex, sem er í eigu Geysis Green Energy og Orkuveitu Reykjavíkur, hefur gert samning við Sinopec, stærsta orkufyrirtæki Kína, um miklar hitaveituframkvæmdir þar í landi.
- **Útlitið í ferðageiranum er gott** en ferðamönnum fjölgaði í júlí m.v. sama mánuð í fyrra. Auk þess er áætlað að ferðamenn eyði u.þ.b. tvöfalt meiri peningum hér á landi í ár m.v. árið í fyrra.
- **Erlend stórfyrirtæki vilja reisa gagnaver á Íslandi** en fyrirtæki á borð við Yahoo, Google og Microsoft hafa öll átt viðræður við innlenda aðila um uppsetningu og starfrækslu gagnavera hér á landi.
- **Samdráttur á evrusvæðinu varð minni en búist var við** á öðrum ársfjórðungi ársins m.v. sama ársfjórðung á síðasta ári. Þá varð hagvöxtur í tveimur stærstu hagkerfum Evrópu, Þýskalandi og Frakklandi, á öðrum ársfjórðungi, þvert á spár sérfræðinga.
- **Hlutabréfaverð um allan heim hefur hækkað** umtalsvert á síðustu vikum og mánuðum. Heimsvísitölur hlutabréfa benda til þess að hlutabréfaverð hafi hækkað á bilinu 30-40% frá áramótum, sem er til marks um aukna bjartsýni og áhættusækni fjárfesta.
- **Flugfélagið Iceland Express sækir fram** en félagið hefur ákveðið að hefja áætluarflug til Birmingham á Englandi á næsta ári.
- **Atvinnuleysið í júní mældist 0,1% minna en í maí** samkvæmt útreikningum Vinnuálastofnunar. Atvinnuleysi hefur nú fallið þrjá mánuði í röð.

Góða helgi.